



Fundargerð

381. fundar sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. júní 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka eitt mál fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 380. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 15. maí 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 28. fundur velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerð.

Mál til afgreiðslu

1. 1506014 – Kosning oddvita til eins árs skv. 7 gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.

Karl Kristjánsson endurkjörinn oddviti til eins árs, samþykkt samhljóða.

2. 1506015 – Kosning varaoddvita til eins árs skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.

Vilberg Þráinsson endurkjörinn varaoddviti til eins árs, samþykkt samhljóða.

3. 1405020 – Sameining sveitarfélaga. Að búa í haginn – Samstarf til sóknar. Samantekt af samráðsfundi í Tjarnarlundi. 31. mars 2015.

Sveitarstjórn fór yfir framlagða samantekt sem kynnt hefur verið íbúum á vef sveitarfélagsins. Engar athugasemdir hafa borist.

Lagðar eru fram eftirtaldar leiðir í samantektinni:

- a. Að hefja formlega undirbúning sameiningar sveitarfélaganna.
- b. Að velja og vinna að völdum samstarfsverkefnum eða málaflokkum, svo sem í stjórnsýslu og/eða þjónustu sveitarfélaganna án sameiningar.
- c. Að hefja vinnu við svæðisskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir að fara í frekari viðræður við Dalabyggð, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp um b-lið. Samþykkt samhljóða.

4. 1504013 – Framkvæmdir við Reykhólaskóla.

Opnun tilboða 26. maí 2015, undirritaður verksamningur frá 9. júní 2015.

Eitt tilboð barst í framkvæmdina við leikvöll Reykhólaskóla.
Kolur ehf. kt. 700189-2609 að upphæð kr. 9.937.000.

Sveitarstjórn samþykkir tilboðið frá Kol ehf. og undirritaðan verksamning við Kol ehf. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri yfirgaf fundinn, ÁMG tók við ritun fundargerðar.

5. 1505016 – Ráðning umsjónarmanns fasteigna Reykólahrepps.

Sveitarstjórn Reykólahrepps samþykkir að ráða Hjalta Hafþórsson í starf umsjónarmanns fasteigna Reykólahrepps og felur KK og ÁMG að ganga frá ráðningarsamningi við Hjalta. Samþykkt samhljóða.

Sveitastjóri kemur aftur inn á fundinn og tekur við fundarritun.

6. 1506001 – Bsvest, staða mála.

Erindi frá verkefnastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dagsett 2. júní 2015.

Framlög gefa til kynna, að ef fer fram sem horfir þurfi sveitarfélögin á Vestfjörðum að greiða 118 milljónir með málefnum fatlaðra árið 2015, þar af greiðast 4,5 milljónir af Reykólahreppi. Þessi mismunur skapast af mismun á útreikningi ríkisins á fjárförf málaflokksins á Vestfjörðum og áætlunum sveitarfélaganna á útgjaldaförf.

Sveitarstjórn Reykólahrepps telur að málaflokkur fatlaðs fólks á Vestfjörðum sé betur kominn í höndum sveitarfélaganna, að sveitarfélögin veiti betri þjónustu í nálægð við íbúa sína. Við núverandi framlög frá Jöfnunarsjóði er ekki grundvöllur fyrir Reykólahrepp frekar en önnur sveitarfélög á Vestfjörðum að reka málaflokkinn. Reykólahreppur telur það óásættanlegt að mæta aukinni fjárförf með niðurskurði á þjónustu við fatlaða. Samþykkt samhljóða.

7. 1502014 – Vestfjarðavegur um Reykólahrepp, ákvörðun um endurskoðun mats á umhverfisáhrifum.

Svar Skipulagsstofnunar dagsett 26. maí 2015 við erindi Vegagerðarinnar frá 16. desember 2014.

Sveitarstjórn Reykólahrepps fagnar niðurstöðu Skipulagsstofnunar og tekur undir minnisblað Fjórðungssambands Vestfirðinga til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dagsett 2. júní 2015, þar sem lögð er áhersla á að tryggja þurfi fjármuni til rannsókna á umhverfi og lífríki svæðisins þannig að ekki verði frekari tafir á þessu mikilvæga verkefni. Samþykkt samhljóða.

8. 1503021 – Styrking skipulags- og byggingafulltrúaembættis.

Bókun Strandabyggðar við erindi Reykhólahrepps 14. apríl 2015.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar bókun Strandabyggðar og stefnir á að funda um málefnið sem fyrst ásamt hlutaðeigandi sveitarfélögum. Samþykkt samhljóða.

9. 1506009 – Tilnefning í samráðsvettvang Sónarátætlunar Vestfjarða.

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 19. maí 2015.

Gerð er tillaga um eftirfarandi aðila í samráðsvettvang Sónarátætlunar Vestfjarða:

Atvinnulíf: Ágúst Már Gröndal

Nýsköpun/ skapandi greinar: María Hildur Maack

Menntun: Áslaug Berta Guttormsdóttir

Menning: Sandra Rún Björnsdóttir

Annað: Vilberg Þráinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

10. 1506007 – Minnismerki um Gretti Ásmundarson á Reykhólum.

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 20. apríl 2015.

Sveitarstjórn óskar eftir uppdrætti sem sýni nánari staðsetningu og útlit minnismerkisins. Samþykkt samhljóða.

11. 1506003 – Fremridalur 222921, umsagnarbeiðni.

Erindi frá Einari Hafliðasyni dagsett 8. júní 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að taka umrædda lóð úr landbúnaðarnotkun. Samþykkt samhljóða.

12. 1506006 – Ósk um leyfi vegna listflugs yfir þéttbýli Reykhóla 27. júní 2015.

Erindi frá Snæbirni Jónssyni dagsett 9. júní 2015.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn varðandi listflug á Reykhólum 27. júní 2015. Samþykkt samhljóða.

13. 1506008 – Ósk um styrk til reksturs upplýsingamiðstöðvar.

Erindi frá Össusetri móttækið 9. júní 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk til upplýsingamiðstöðvar í Króksfjarðarnesi sem rekin verður af Össusetri árið 2015. Gert er ráð fyrir styrkveitingu í fjárhagsáætlun ársins.

14. 1506012 – Framkvæmdaleyfi vegna efnisvinnslu í Gufudal.

Erindi frá deildarstjóra umsjónardeildar Vestursvæðis Vegagerðar dags. 22. maí 2015.

Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir 4.000 rúmmetra efnistöku í námunni Álftardalsá í landi Neðri-Gufudals sem merkt er á aðalskipulagsuppdrætti 2006-2018.

Samþykkt er að veita framkvæmdaleyfi einungis til efnistöku úr námunni en ekki til annara framkvæmda.

Sett er skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

Samþykktur er framlagður yfirlitsuppráttur og afstöðuuppráttur, unninn af Vegagerðinni.

Byggingafulltrúa falin afgreiðsla á framkvæmdaleyfisgjaldi skv. gjaldskrá.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Nú stöðvast framkvæmdaleyfis skyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn þá fellt framkvæmdaleyfið úr gildi. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1506010 – Fundur með samgöngunefnd Alþingis 2. júní 2014.

Lagt er fram minnisblað samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem lagt var fram á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 2. júní. Fundurinn var boðaður með dags fyrirvara og sat sveitarstjóri fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps.

3. 1606013 – Boð á 60. Fjórðungssþing Vestfirðinga, Patreksfirði 3. og 4. október 2015.

Fundarboð lagt fram.

2. 1506002 – Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2015.

Svar EBÍ við ósk Reykhólahrepps um styrk vegna stíga og áningastaða í Flatey, dagsett 4. júní 2014, þar sem fram kemur að EBÍ styrkir verkefnið um 400 þús. kr.

Sveitarstjórn þakkar veittan styrk.

4. 1503002 – Umsókn um styrkvegafé 2015.

Svar Vegagerðarinnar dagsett 28. maí 2015, þar sem fram kemur að Vegagerðin veitir sveitarfélaginu styrk að upphæð 2,5 millj. kr.

Sveitarstjórn þakkar veittan styrk.

5. 1506005 – Djúpidalur 139548, Miðhús 139644, tilkynning um sölu jarða.

Tvö erindi frá Leifi Z. Samúelssyni dagsett 2. júní 2015.

Tilkynningar lagðar fram.

6. 1506011 – Skógræktarfélag Íslands – gróðursetning.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 3. júní 2015, gróðursetning í tilefni af þeim tímamótum að 35 ár eru liðin frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands.

Sveitarstjórn felur æslulýðs- og tómstundafulltrúa að skipuleggja athöfn í samráði við sveitarstjóra og Skógræktarfélagið Björk, sem þegar hefur þegið plöntur í tilefni dagsins.

7. 1502027 – Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, 24. mars 2015.

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

8. 1503019 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 11. maí 2015.

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

1. 1506016 – Frisbívöllur á Reykhólum.

Erindi frá Hörpu Eiríksdóttur dagsett 9. júní 2015.

Erindi lagt fram og kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____